

Ticket to Ride

ALVIN & DEXTER

Velkomin til Alvins & Dexters klikkuðu, en vinalegu viðbótarinnar við metsöluspil Alan R. Moon, Ticket to Ride. Það má nota þessa viðbót við öll Ticket to Ride borðspilin.

Gert klárt

Þegar búið er að setja upp hefðbundna spilið og leikmenn hafa fengið lestarmiða lætur sá sem á að gera síðast í spilinu Alvin á einhverja borg á kortinu. Leikmaðurinn sem situr til hægri við hann lætur Dexter á einhverja aðra borg. Látið stökkana 2 af Alvin & Dexter spjöldunum við hliðina á leikborðinu og hafið bónusspjöldin við hliðina á hinum bónusspjöldunum.

Ringulreið í borginni

Það ríkir ringulreið í öllum borgum, eða löndum þegar spilað er með landamiðum, þar sem skrímslin hafa hreiðrað um sig. Þegar þetta ástand ríkir komast leikmenn hvorki til þessara borga né frá þeim.

Færa skrímslin til

Alltaf þegar þú átt leik máttu **líka** (til viðbótar við það sem þú gerir í umferðinni), leggja niður 1 eða 2 lestarvagnaspjöld og færð fyrir það skrímslaspjald sem gerir þér kleift að færa skrímsli til á kortinu.

Losaðu þig við lestarvagnspjaldið/in og veldu þér skrímslaspjald sem þú leggur niður fyrir framan þig þannig að það snúi upp. Taktu nú upp viðeigandi skrímsli og færðu það um allt að 3 borgir frá þeirri borg sem það er á núna ef þú leggur niður eitt lestarvagnaspjald, en um allt að 6 borgir ef þú leggur niður 2 lestarvagnaspjöld. Spjaldið snýr upp þar til að þú hefur lokið að gera í næstu umferð. Þá snýrðu þessu skrímslaspjaldi niður og setur það í bunka með hinum skrímslaspjöldunum þínum, sem þú ert þegar búin/n að nota.

Athugið: Ef það eru engin skrímslaspjöld eftir þá má ekki færa viðkomandi skrímsli. Þegar skrímslaspjald er sýnilegt (þá snýr það upp) fyrir framan einhvern leikmann þá má ekki hreyfa það skrímsli. Leikmaður má aldrei færa bæði skrímslin í sömu umferð. Skrímslin geta verið í sömu borginni þegar spilið er hafið. Leikmenn eiga að halda því útaf fyrir sig hvað þeir eru komnir með mörg skrímslaspjöld í bunkann sinn.

Stigagjöf

Þegar spilinu lýkur telja lestormiðar sem byrja eða enda í borg sem annað hvort Alvin eða Dexter eru í, aðeins helminginn af stigunum sem miðarnir segja til um, námundað niður. Miði sem gefur 13 stig gefur núna aðeins 6 ef viðkomandi leið er lokið og að sama skapi missir þú 6 stig ef þér tókst ekki að ljúka við leiðina. Sá leikmaður sem hefur flest Alvin eða Dexter skrímslaspjöld fær Alvin eða Dexter bónusspilið. Ef sú staða kemur upp að fleiri ein einn leikmaður hefur flest Alvin eða Dexter skrímslaspjöld fá þeir allir 15 bónusstig.

Góða skemmtun!

Nordic Games, www.nordicgames.is

Júní 2011